

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Líbíu  
nr. 887/2015, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Líbýu nr. 887/2015:

- 1.28 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/2012 frá 17. desember 2018 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 1.28.
- 1.29 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/539 frá 1. apríl 2019 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 1.29.
- 2.25 Reglugerð ráðsins (ESB) 2018/2004 frá 17. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/44 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 2.25.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 6. ágúst 2019.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Sturla Sigurjónsson.*

**Fylgiskjal 1.28.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2018/2012****frá 17. desember 2018**

**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 <sup>(1)</sup> um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu.
- 2) Hinn 5. nóvember 2018 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2441 (2018) þar sem það áréttæði grundvallarskuldbindingu sína gagnvart fullveldi, sjálfstæði, þjóðareiningu og friðhelgi yfirráðasvæðis Líbíu og staðfesti að ástandið í Líbíu væri áfram ógn við frið og öryggi í heiminum.
- 3) Öryggisráðið ákvað að heimildirnar sem veittar eru og aðgerðirnar sem settar eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 2146 (2014) skuli gilda að því er varðar skip sem lesta, flytja eða losa jarðolíu, þ.m.t. hráolíu og hreinsaðar olíuvörur, sem er flutt eða reynt er að flytja út ólöglega frá Líbíu.
- 4) Öryggisráð SP tilgreindi einnig að aðgerðir sem ógna friði, stöðugleika eða öryggi í Líbíu eða sem hindra eða grafa undan því að unnt sé að ljúka pólitísku umbreytingarferli í landinu með fullnægjandi hætti geti einnig falið í sér, en einskorðist ekki við, að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem fela í sér kynferðislegt og kynbundið ofbeldi.
- 5) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda í framkvæmd tilteknum aðgerðum í ákvörðun þessari.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 til samræmis við það.

SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:  
 „1. Í samræmi við 5.–9. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2146 (2014), 2. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2362 (2017) og 2. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2441 (2018) er aðildarríkjjunum heimilt að skoða á úthafinu tilgreind skip og beita til þess öllum ráðstöfunum sem hæfa hinum tilteku aðstæðum, í fullu samræmi við alþjóðlegan mannnúðarrétt og alþjóðleg mannréttindalög, eftir því sem við á, framkvæma slíkar skoðanir og beina þeim tilmælum til skipsins að grípa til viðeigandi aðgerða til að skila jarðolíunni, þ.m.t. hráolíu og hreinsuðum olíuvörum, til Líbíu með samþykki ríkisstjórnar Líbíu og í samvinnu við hana.“
- 2) Í stað 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:  
 „1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari aðilar, sem öryggisráð SP eða nefndin hefur tilgreint og látið sæta ferðatakmörkunum í samræmi við 22. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1970 (2011), 23. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1973 (2011), 4. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2174 (2014), 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2213 (2015), 11. mgr. ályktunar SP nr. 2362 (2017) og 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2441 (2018), sbr. listann í I. viðauka.“
- 3) Í stað 1. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:  
 „1. Frysta skal alla fjármuni, aðrar fjáreignir og efnahagslegan auð sem með beinum eða óbeinum hætti er í eigu eða undir yfirráðum aðila og rekstrareininga, sem öryggisráð SP eða nefndin hefur tilgreint og látið sæta frystingu eigna í samræmi við 22. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1970 (2011), 19. og 23. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1973 (2011), 4. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2174 (2014), 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2213 (2015), 11. mgr. ályktunar SP nr. 2362 (2017) og 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2441 (2018), sbr. listann í III. viðauka.“

Nr. 796

6. ágúst 2019

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 17. desember 2018.

*Fyrir hönd ráðsins,*

E. Köstinger

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ (Stjtið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34).

### **Fylgiskjal 1.29.**

#### **ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/539**

**frá 1. apríl 2019**

**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 31. júlí 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 <sup>(1)</sup> um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu.
- 2) Hinn 28. september 2018 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2018/1465 <sup>(2)</sup>.
- 3) Í ljósi áframhaldandi óstöðugleika og alvarlegs ástands í Líbíu hefur ráðið ákveðið að framlengja skulu þvingunaraðgerðir er varða þrjá aðila um sex mánuði til viðbótar.
- 4) Því aett að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 til samræmis við það.

SAMPÝKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. og 4. mgr. 17. gr. ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1333 kemur eftirfarandi:

,,3. Aðgerðirnar, er um getur í 2. mgr. 8. gr., skulu gilda að því er varðar færslur nr. 14, 15 og 16 í II. viðauka til 2. október 2019.

4. Aðgerðirnar, er um getur í 2. mgr. 9. gr., skulu gilda að því er varðar færslur nr. 19, 20 og 21 í IV. viðauka til 2. október 2019.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 1. apríl 2019.

*Fyrir hönd ráðsins,*

G. Ciamba

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ (Stjtið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34).

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/1465 frá 28. september 2018 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Líbíu (Stjtið. ESB L 245, 1.10.2018, bls. 16).

**Fylgiskjal 2.25.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2018/2004****frá 17. desember 2018****um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/44  
um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1333 frá 31. júlí 2015 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og niðurfellingu ákvörðunar 2011/137/SSUÖ<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Evrópusambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) 2016/44<sup>(2)</sup> koma til framkvæmda aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333.
- 2) Hinn 5. nóvember 2018 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2441 (2018) þar sem það áréttáði grundvallarskuldbindingu sína gagnvart fullveldi, sjálfstæði, þjóðareiningu og friðhelgi yfirráðasvæðis Líbíu og staðfesti að ástandið í Líbíu væri áfram ógn við frið og öryggi í heiminum. Öryggisráðið ákvað að bæta við nýjum dænum um framferði sem falla undir viðmiðanirnar um tilgreiningu.
- 3) Hinn 17. desember 2018 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2018/2012<sup>(3)</sup> sem breytti ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 til að endurspeglar breytingar á ályktun öryggisráðs SP nr. 2441 (2018).
- 4) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjum.
- 5) Því aetti að breyta reglugerð (ESB) 2016/44 til samræmis við það.

**SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:***1. gr.*

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/44 kemur eftirfarandi:

„1. II. viðauki skal taka til þeirra einstaklinga eða lögðila, rekstrareininga og stofnana sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir tilgreinir í samræmi við 22. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1970 (2011), 19., 22. eða 23. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1973 (2011), 4. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2174 (2014), 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2213 (2015), 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2362 (2017) eða 11. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2441 (2018).“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2018.

*Fyrir hönd ráðsins,**E. Köstinger**forseti.*<sup>(1)</sup> Stjórið. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 34.<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/44 frá 18. janúar 2016 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 204/2011 (Stjórið. ESB L 12, 19.1.2016, bls. 1).<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/2012 frá 17. desember 2018 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu (Stjórið. ESB L 322, 18.12.2018, bls. 51).